

46. fundur stjórnar Skálholts,
haldinn í Skálholtsskóla miðvikudaginn 13.maí 2009 kl. 13:00.

Mætt voru: Sigurður Sigurðarson, Jóhann E. Björnsson, Kristján Björnsson, Kristinn Ólason og Hólmfríður Ingólfssdóttir.

Sökum anna gat Kristinn ekki setið fyrrihluta fundarins.

Sigurður setti fund.

1. Fundargerðir síðasta fundar. Samþykkt.
2. Tónlistarmál.
Farið yfir endurskoðaða starfslýsingu, sem fjallað var um á síðasta fundi, og gerðar smávægilegar orðalagsbreytingar á henni.
H.I. mun gera uppkast af ráðningasamningi, sem byggir á starfslýsingunni.
Ákveðið að boða Jón til fundar 4. júní n.k. kl. 13:00 þar sem endanlega verður farið yfir ráðningasamninginn og hann undirritaður.
3. Fjármál.
Ekki náðist að ljúka færslu bókhaldsins vegna apríl fyrir þennan fund og því ekki hægt að leggja fram yfirlit um stöðuna 30.04.09. Yfirlitið verður sent stjórnarmönnum í tölvupósti þegar það er tilbúið.
4. Önnur mál.
Rektor lagði fram tillögu um að byggingaráformin á Skálholtsstað verði endurskoðuð en útboðum vegna viðbyggingarinnar við skólann var frestað á síðast ári.
Hann segir fulla ástæðu til að setjast yfir nýjar forsendur. Búið sé að kosta alla hönnun og í dag virðast tilboð verktaka hafa lækkað til muna frá því sem var fyrir ári.
Vert sé að skoða fjármögnunarleiðir, sem eru í boði í dag, en ný ríkisstjórn hefur talað um leiðir til eflingu byggða og að styðja atvinnuskapandi verkefni.
Jafnvel mætti áfangaskifta verkinu. Rektor ásamt formanni stjórnar falið að setja hugmyndir á blað um framvindun mála.
Umsókninni um styrk til Ferðamálastofu til að fjármagna bráðabyrgðar þjónustuhús fyrir staðinn, hefur verið hafnað.
Næsti fundur stjórnar verður 4. júní 2009 kl. 13:00 og þá með nýjum organista.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:10
Hólmfríður Ingólfssdóttir